

Ed. 116. Frumvarp til laga

um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Heimild sú, sem með lögum 3. jan. 1890 og lögum nr. 67 28. nóv. 1919 er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir, skal ná til allra sýslufélaga á landinu. Viðkomandi sýslunefnd semur frumvarp til samþykktarinnar, og skulu í henni vera ákvæði um það, hvernig greiða skuli gjöld þau, er samþykktin hefir í för með sér. Sýslumaður sendir síðan frumvarpið til dómsmálaráðuneytisins, er því næst gefur samþykktina út, ef það telur hana til þess hæfa. Nú gerir ráðuneytið breytingar á frumvarpinu, og skal þá leggja þær fyrir sýslunefndina til álita. Þær breytingar, sem sýslunefnd fellst eigi á, má ekki setja í samþykktina. Að öðru leyti fer um efni samþykktarinnar, staðlegt gildi, viðurlög, birtingu og breytingar, sem segir fyrir um í frammanfndum lögum.

2. gr.

Samþykktir þær, sem settar hafa verið fyrir einstök hreppsfélög samkv. lögum nr. 18 20. okt. 1905, eða lögum nr. 26 8. sept. 1931, skulu gildi halda, unz lögreglusamþykkt hefir sett verið fyrir það sýslufélag, sem hreppurinn er í.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18 20. okt. 1905 og lög nr. 26 8. sept. 1931.